

Stj.tíð. B, 249/1977.

Auglýsing um friðlýsingu Salthöfða og Salthöfðamýra, Hofshreppi, Austur-Skaftafellssýslu

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákvæðið að friðlýsa Salthöfða og hluta af Salthöfðamýrum í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu og er svæðið friðland.

*Mörk svæðisins eru þessi:*

Salthöfði ásamt Gimlukletti, Loddudrang og Einstakakletti. Að norðan bein lína nyrst úr nyrsta kletti í Salthöfða vestanverðan neðst í klettinn vestan við lækinn sem rennur við Fjárklif. Að vestan lína úr gljúfurmyrnni vestan Miðfellstanga um lækinn við Fjárklif í línu að sunnan. Að sunnan (sjávarmegin) lína sem tekur mið af efri Kvíárhól (við enda Kvíármýrarkamb) að suðurbrún Steinafjalls í Suðursveit. Frá suðurmörkum að austan lína suðaustur frá Álhólma um Landál milli Álhólma og Stórusvæði eftir miði í Fjárklif en frá Álhólma eftir miðjum Landál að Salthöðfanefi.

*Um friðlandið gilda þessar reglur:*

Óheimilt er að breyta landslagi á svæðinu, náttúrulegu grunnvatnsborði og rennsli straumvatna.

Vikurtekja við Salthöfða er háð eftirliti umsjónaraðila friðlandsins.

Mannvirkjagerð er óheimil í friðlandinu nema samkvæmt samningum milli ábúenda og [Umhverfisstofnunar] eða með sérstöku leyfi umsjónaraðila (sbr. 6. gr.). Gildir þetta um byggingar, vegi, skurði, girðingar og önnur mannvirki. Heimilt er þó að halda við þeim mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu við friðlýsingu, m. a. girðingum.

Friðlandið má einungis nytja á þann hátt sem tíðkast hefur, svo sem til slægna, beitar og ála- og silungsveiði.

Bannað er að fara með skotvopn um friðlandið nema til eyðingar meindýra. Fuglatekja er óheimil nema svartbaksunga. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum skv. gildandi lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Varast ber að skerða gróður eða valda truflunum á dýralífi.

Gangandi og ríðandi mönnum er heimil för um friðlandið ef þeir brjóta á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Ekki má nota vélknúin tæki í friðlandinu nema í sambandi við hefðbundna nýtingu þess.

Náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur umsjón með friðlandinu fyrir hönd [Umhverfisstofnunar] og getur veitt undanþágur frá 2.-5. gr., ef brýn ástæða þykir til, með samþykki [Umhverfisstofnunar].

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 15. júní 1977.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

---

Runólfur Þórarinnsson